

## 14.kafli: Lokaorð

Einhversstaðar verður hver bók að enda. Hún gæti auðvitað orðið miklu lengri og skrifa mætti margt og mikið um stærðfræðina. Markmið þessarar bókar var samt aldrei að skrifa allt um hana heldur aðeins það sem auðveldar þér að lesa og skilja stærðfræðina á því aldursbili þar sem hún getur orðið mesta hindrunin í námi þínu frá því í 8. - 10. bekk grunnskóla og 1. og 2. ári í framhaldsskóla. Markmið bókarinnar er líka að vera útskýrandi og styðjandi til skilnings á táknum, reglum og lögmálum stærðfræðinnar

Þessi bók hefur sérstöðu meðal stærðfræðirita á íslenska tungu, sem yfirlitsrit yfir þá stærðfræði, sem nemendur þurfa að nota í skólakerfinu frá 12 ára til 18 ára aldurs. Það er von míni að þessi bók auki skilning þinn á stærðfræðinni og auki velgengni þína í faginu og að vel hafi til tekist að skrifa heildstæða handbók og uppflettirit sem aðstoði þig við að kynnast og afhjúpa leyndardóma stærðfræðinnar. Stærðfræðin er viðkvæmasta fagið í skólakerfinu. Allir þurfa að læra hana í 10 -12 ár. Þá er nú gott að geta gripið í uppflettirit sem þetta.

Í stærðfræðinni er til fullt af dæmum sem ekki er hægt að leysa nema skilja fyrst gangverkið í dæminu og það verður mest og best gert með því að „LESA STÆRÐFRÆÐI.“ Góða skemmtun í áframhaldandi námi og skilningi á stærðfræðinni og lögmálum lífsins.

Með vinsemd og virðingu

Hannes Hilmarsson